



Ársskýrsla Landbúnaðarsafns Íslands 2016

Inngangur: Á árinu 2016 gekk starf Landbúnaðarsafns í heild vel. Starfið einkenndist fyrst og fremst af gestamóttöku, kynningum og afgreiðslu erinda er safninu bárust. Hvorki vinnutími né fjármagn leyfðu umtalsverðar viðbætur, sýningagerð eða aðra nýsköpun.

Stjórn: Í stjórn safnsins sitja: Björn Þorsteinsson rektor LbhÍ sem er formaður stjórnar en aðrir aðalmenn í stjórninni eru Lilja Árnadóttir fltr. þjóðminjavarðar, Ragnar Frank Kristjánsson fltr. Borgarbyggðar, Haraldur Benediktsson fltr. Bændasamtaka Íslands og Arna Björg Bjarnadóttir fltr. ráðherra landbúnaðarmála. Haldnir voru tveir stjórnarfundur á árinu, þar af var annar aðalfundur stofnunarinnar.

Starfsfólk: Undirritaður bar ábyrgð á starfi safnsins skv. samningi sem var framlengdur til ársloka 2016, en með því ári lauk formlegu starfi hans við safnið. Samið var við Ragnhildi Helgu Jónsdóttur um starf við safnið, sem nam 30 vinnustundum á mánuði. Tók hún á móti flestum hópum er heimsóttu safnið á árinu. Jóhannes Ellertsson, er lauk föstu starfi við safnið með árinu 2015 en lagði safninu áfram lið í tímavinnu. Safnið krefst þó mun meira vinnuframlags. Undirritaður hefur því einnig unnið safninu klukkulaus.

Samkvæmt samstarfssamningi safnsins og Ullarselsins annaðist Selið almenna afgreiðslu safngesta. Ásdís B. Geirdal var eins og áður gjaldkeri safnsins í sjálfbóðastarfi. Kristín Siemsen færði bókhald þess og setti upp ársreikning sem KPMG/Haraldur Reynisson endurskoðaði. Þórunn Edda Bjarnadóttir annaðist sem fyrir ýmsa tölvuvinnslu fyrir safnið. Nokkrir sjálfbóðaliðar komu að einstökum verkum svo sem á undanförunum árum.

Opnunartími: Sýning Landbúnaðarsafns og Ullarselið voru opin alla daga frá 1. júní til 9. september kl. 11-17 en á öðrum tímum árs fimmtudaga, föstudaga og laugardaga kl. 13-17. Tekið var á móti hópum á öðrum tímum hafi sérstaklega verið um það beðið.

Aðsókn: Á árinu 2016 var heildarfjöldi gesta tæplega 5000 manns, lítið eitt færri en á síðasta ári. Stærri hluti gesta en áður var í skipulegum hópum er heimsóttu safnið, og fengu þá um leið nokkra kynningu á annarri búnaðartengdri starfsemi á Hvanneyri. Gestahópum, flestum erlendum, var veitt formleg kynning á íslenskum landbúnaði og einstökum greinum hans með fyrirlestrum. Erlendir gestir voru um 800, allnokkru fleiri en árið á undan.

Safnkostur: Safnkostur óx um nær þrjátíu gripir á árinu. Safnið telur því, með fyrirvara um hvernig gripir eru taldir, liðlega 900 gripir, auk ljósmynda, bóka, bæklinga o.fl. Safnið er orðið dágott þversnið áhalda, gripa og tækja sem komu við sögu utan stokks en innangarðs búverka á árunum 1880-1970. Reynt er að beita ströngu munavali, á grundvelli söfnunarstefnu safnsins. Áfram var svipast um eftir gripum, munum og minjum sem sérstakan sess eiga í íslenskri landbúnaðarsögu tímabilsins eftir 1880.

Skráning: Haldin er rafræn ársbók fyrir safnið í hverja skráð eru öll aðföng og helstu atburðir í daglegu starfi þess. Áfram var færð sú rafræna skrá muna er tókst að koma upp á árinu 2010.

Varðveisla/forvarsla: Unnið var að aðhlyningu allmargra gripa safnsins, þó færri en áður því nú naut safnið ekki lengur Jóhannesar Ellertssonar vélvirkja í sama mæli og fyrr.

Rannsóknir og fræðsla: Sinnt hefur verið rannsóknum og fræðslu um búnaðarsöguleg atriði í tengslum við safnsstarfið. Á árinu 2016 var þessu einkum sinnt:

- *Ólafsdalsfélagið.* Í gildi er samstarfssamningur safnsins við félagið. Á grundvelli hans hefur verið unnið að skráningu ræktunarminja í Ólafsdal. Úrvinnslu hennar er nú lokið. Verkinu stýrði Ragnhildur Helga Jónsdóttir.
- Almenningsfræðsla var veitt með ýmsum hætti, t.d. með sérstökum erindum fyrir erlenda og innlenda ferðamenn eins og fyrr sagði. Lagt var til efni í sjónvarpsþáttaröð N4 um landbúnað: „Hvað segja bændur?“ og þáttarins „Að vestan“ svo og Landans á RÚV og fleiri miðla.
- Heimasíðu safnsins, www.landbunadarsafn.is þar sem reglulega eru birtar fréttir með fróðleik frá safninu, sem og á *facebook* síðu þess. Á heimasíðunni er líka að finna vefritið *Plóg* er birtir efnismeiri greinar um einstök tæknisögufni. Áskrifendur að fréttum heimasíðu safnsins voru 1066 í árslok 2016 og hafði þeim fjölgað um 100 á árinu.
- Lokið var við *sögu Mjólkurskólans á Hvanneyri og á Hvítárvöllum*, sem safnið gaf út á bókarformi á árinu undir heitinu *Konur breyttu búhátum*. Mjólkursamsalan, Kaupfélag Borgfirðinga, Uppbyggingarsjóður Vesturlands, Menningarsjóður Borgfirðinga og Hagþenkir veittu styrki til verksins. Bókaútgáfan Opna var meðútgefandi bókarinnar og annaðist forlagsritstjórn hennar.
- Áfram var unnið að því að draga saman söguatriði tengd fornum jarðræktarhátum sem og um sögu heyskaphátta á 20. öld. Hluti þeirrar vinnu er nauðsynleg öflun og skráning fróðleiks um einstaka safngripir en annað má fella undir sérstakar rannsóknir á verkhátasögu.

Fjárhagur: Ársreikningur 2016 mun liggja fyrir á útmánuðum 2017. Safnið hlaut rekstrarstyrk úr Safnasjóði @ 800 þkr. og frá Borgarbyggð @ 764 þkr. auk fyrirheits um 480 þkr. verkefnisstyrk og áðurnefndra styrki vegna bókarútgáfunnar. Þá voru tekjur af aðgangseyri svo og sölu bóka undirritaðs en fyrir þeim viðskiptum hefur grein verið gerð í fyrri ársskýrslum.

Seint verður of mikið gert úr stuðningi Landbúnaðarháskólans sem um langan aldur hefur verið bakhjarl safnsins. Það var Bændaskólinn á Hvanneyri, forveri LbhÍ, er gerði safnið að þeirri stofnun sem það er. Safnið nýtur í fjölmörgu starfsaðstöðu LbhÍ á Hvanneyri og hefur ómælt hagræði af nábyli við hann. Þar á móti annast safnið hluta gestamóttöku og kynningar fyrir LbhÍ.

Annað: Af öðrum og afmarkaðri þáttum safnsstarfsins má nefna þessa:

- a. Þór hf í Reykjavík veitti safninu mikilvægan atbeina við uppgerð fjölfætlu KH4 frá árinu 1964 – heyþyrlu sem vera á í safninu fulltrúi tæknibyltingar er um þær mundir varð við þurrkun heys á velli.

- b. Guðmundur Sigurðsson á Hvanneyri færði safninu 42 búnaðarbækur og –rit. Þá færðu Magnús B. Jónsson á Hvanneyri og Jónína Guðmundsdóttir frá Hvanneyri safninu einnig bækur og tímarit.
- c. Safnið keypti bækur vegna uppgjörs þrotabús Uppheima fyrir 277 þkr. (leifar upplags bókana *Frá hestum til hestafla, Alltaf er Farmall fremstur, ... og svo kom Ferguson*).
- d. Fornleifastofnun Íslands / Birnu Lárusdóttur var veitt aðstoð við fornleifaskráningu í Ólafsdal.
- e. Hvanneyrarhátíð var haldin laugardaginn 9. júlí. Fornbifreiðafjelag Borgarfjarðar var þá að venju gestur safnsins og setti mikinn svip á daginn. Safnið var opið gestum og gangandi án endurgjalds þann dag. Um 500 mann litu við í safninu. Fjölmargin stóð staðargestum til boða; þeir urðu nokkuð á annað þúsund. Með stuttri frásögn og þöglum sjónleik var kynnt bókinn *Konur breyttu búháttum* sem kom út þennan dag.
- f. Þjóðminjasafni voru afhentar svarthvítar filmur ljósmynda úr starfi Verkfæranefndar, sem Landbúnaðarsafn hafði fengið umráðarétt yfir með bréfi rektors LbhÍ
- g. Þjóðminjasafni var lagt lið við grisjun gamall verkfæra og búvéla í Vesturvör í Kópavogi; Landbúnaðarsafn tók við nokkrum gripum þaðan til varðveislu.
- h. Gert var átak í grisun gripa sem safninu höfðu áskotnast og geymdir voru í hlöðu að Mávahlíð í Lundastrykjadal. Mikilvægustu gripirnir voru fluttir í geymslur safnsins á Hvanneyri, 5 gripum var komið í hendur áhugasamra safnara, ýmist með sölu (2) eða samningsbundinni umsjá (3). Allt voru það gripir sem safnið ýmist á betri eintök af eða teljast hafa takmarkað varðveislugildi. Öðrum gripum verður komið í endurvinnslu. Grisjun þessi var kynnt á heimasíðu safnsins svo fréttir af henni bárust víða. Var það gert til þess að gefa sem flestum færi á að nýta sér þessa afganga.
- i. Síðast en ekki síst ber að nefna safnheimsóknir nemenda leikskóla, grunnskóla, bændaskóla og háskóla, en tveir síðustu hóparnir frá LbhÍ komu í safnið svo sem venja hefur verið til formlegrar fræðslu um búnaðarsögu og þróun landbúnaðar.

Landbúnaðarsafn þakkar öllum hlutaðeigandi samstarf, liðveislu, heimsóknir og aðra vinsemd safninu veitta á árinu 2016. Vonandi verður árið 2017 Landbúnaðarsafni Íslands einnig farsælt.

Þar sem ég hef nú látið af formlegu starfi við Landbúnaðarsafnið þakka ég þeim mörgu, sem ég hef átt samstarf við á liðnum árum, fyrir kynni og margvíslega liðveislu.

Hvanneyri 24. janúar 2017

Bjarni Guðmundsson

Rit og ritgerðir 2016:

Bjarni Guðmundsson 2016. *Konur breyttu búháttum. Saga Mjólkurskólans á Hvanneyri og á Hvítárvöllum*. Hve 2016. Landbúnaðarsafn Íslands og Bókaútgáfan Opna. 166 bls.

- Íslenskar uppfinningar til landbúnaðar. *Tímarit Bændablaðsins* 2(1) 2016, 62-65.
- Söfn og menningarlandslag. *Morgunblaðið* 30. maí 2016.
- Konur breyttu búhátum. *Bændablaðið* 7. júlí 2016, 42.
- Jarðgryfjur votheys – hlaðnar súrheystóttir. *Bændablaðið* 8. sept. 2016, 7.
- Við hofakurinn í Bessatungu. *Færðu menn snemma niður korn sín*. Til heiðurs Jónatani Hermannssyni sjötugum 27. nóvember 2016. Rv. Korpuforlagið. 86-91.

- Gríður, Jón Dýri og Íhalds-Majórinna – um nafngiftir dráttarvéla. *Heima er best*. 66 (11) 2016. 497-499..

Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson: Ræktunarmínjar í Ólafsdal. *Plógur – vefrit Landbúnaðarsafns Íslands*. A-deild. Desember 2016.

Erindi 2016:

Bjarni Guðmundsson 2016. *Land, byggð og saga – Brot úr umhverfissögu*. Fyrirlestur fyrir nemendur LbhÍ í umhverfisskipulagi (IV), á Hvanneyri 13. janúar 2016.

- *Spjallað um bændur áður og nú*. Erindi á aðalfundi Ungra bænda á Vesturlandi og Vestfjörðum, á Hvanneyri 26. janúar.
- *Fyrstu ár dráttarvéla á Íslandi*. Erindi á fundi Lkl. Mosfellsbæjar 28. janúar 2016.
- *Torfi og ljáirnir*. Erindi í Byggðasafninu að Laugum í Sælingsdal 19. mars 2016.
- *Ræktunarmínjar – á milli þúfna og undir þaki*. Erindi í fyrirlestraröð FÍSOS um söfn og menningarminjar, í Reykjavík 30. mars 2016.
- *Falast eftir Ferguson-umboði*. Erindi hjá Ferguson-félaginu í Reykjavík 5. apríl 2016.
- *Mjólkurskólinn og rjómaþýrurnar*. Erindi hjá Framdalsfélaginu að Fitjum í Skorradal 1. okt. 2016.
- *Mjólkurskólinn og borgfirsku rjómaþúin*. Erindi á kvöldvöku Lionsklúbbanna fyrir aldraða í Borgarnesi 11. okt. 2016.
- *Mjólkurskólinn og borgfirsku rjómaþúin*. Fyrirlestur í Snorrastofu 15. nóv. 2016 (í röðinni *Fyrirlestrar í héraði*).

Ragnhildur Helga Jónsdóttir og Bjarni Guðmundsson *Icelandic agriculture – an overview*. Liðlega tugur erinda fyrir ferðahópa *Best of Iceland* á vegum Ferðapjónustu bænda á Hvanneyri .